

ÍVAN TÚRGENEV

Skordýrið

Mig dreymdi að við sátum tuttugu saman í stóru herbergi með opnum gluggum.

Þarna voru konur, börn, gamalmenni ... Við vorum öll að tala um eitthvert vel þekkt málefni – og við töluðum hátt og óskýrt.

Allt í einu flaug inn í herbergið stórt skordýr, um tíu sentímetra langt, með ágengu suði ... það flaug inn, hringsólaði í loftinu og settist á vegginn.

Það líktist húsflugu eða vespu. Búkurinn var skolgrár. Sléttir og stífir vængirnir báru sama lit. Gleiðir fæturnir voru loðnir og höfuðið stórt og kantað eins og á drekaflugu. Höfuðið og lappirnar voru skærrauð – eins og blóð.

Þetta einkennilega skordýr sneri höfðinu í sífellu niður, upp, til hægri, til vinstri, hreyfði fæturna ... reif sig svo skyndilega frá veggnum, flaug suðandi um herbergið – settist aftur og fór að aka sér á ógeðfelldan og óhugnanlega hátt, án þess að færa sig úr stað.

Við fylltumst öll viðbjóði, ótta, jafnvel skelfingu ... Ekkert okkar hafði séð neitt þessu líkt, allir hrópuðu: „Komið þessari ófreskju út!“. Fólk veifaði vasaklútum úr fjarlægð ... því enginn þorði að koma nálægt kvikindinu ... og þegar skordýrið flaug af stað færðu sig allir ósjálfrátt undan.

Aðeins einn úr hópnum, ungur maður, með fölt andlit, horfði undrandi á okkur. Hann yppti öxlum, hann gat ekki skilið hvað var að og hvað hrellti okkur svo mjög. Sjálfur sá hann ekkert skordýr og heyrði ekki uggvænlegt suðið.

Skyndilega starði skordýrið á hann, hóf sig til flugs, þrýsti sér að höfði hans, stakk hann í ennið, fyrir ofan augun ... Ungi maðurinn rak upp veikt óp – og datt dauður niður.

Þessi skelfilega fluga flaug burt ... Þá fyrst skildum við hvers kona gestur þetta var.

Rebekka Dráinsdóttir þýddi úr rússnesku